

Til sveitarfélaga

Akureyri, 8. október 2018  
1810014 KBR

**Efni: Óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall í fastanefndum**

Með bréfi til sveitarfélaga dags. 29. maí 2018 vakti Jafnréttisstofa athygli á skyldum sveitarfélaga samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

M.a. var bent á ákvæði 15. gr. laganna sem kveður á um að þess skuli gætt við skipan í nefndir, ráð og stjórnir að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

**Jafnréttisstofa kallar nú eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um kynjahlutfall í fastanefndum.** Óskað er eftir upplýsingum um kynjahlutfall í hverri nefnd fyrir sig, annars vegar hjá aðalfulltrúum og hins vegar varafulltrúum í viðkomandi nefndum. Einnig er óskað eftir upplýsingum um kyn formanns nefndar.

**Dæmi:**

| Nefnd         | Aðalfulltrúar |      | Varafulltrúar |      | Formaður |
|---------------|---------------|------|---------------|------|----------|
|               | karl          | kona | Karl          | kona |          |
| Bæjarráð      | 2             | 3    | 3             | 2    | Kona     |
| Félagsmálaráð | 3             | 2    | 2             | 3    | Karl     |

**Vinsamlega sendið umbeðnar upplýsingarnar á netfangið [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is) í síðasta lagi 30. nóvember 2018.**

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og framkvæmd laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 sem og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018.

Velkomið er að leita til stofnunarinnar um leiðbeiningar og aðstoð. Hægt er að hafa samband í síma 460 6200 eða senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)

Ýmsar gagnlegar upplýsingar er að finna á vefsíðunni [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

Virðingarfyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri